

Mænuskaði

Búseta og undirbúningur húsnæðis

Flestir, sem hljóta mænuskaða, útskrifast heim að endurhæfingu lokinni. Fyrir útskrift getur þurft að aðlaga heimilið að breyttum þörfum til að stuðla að sjálfstæðu lífi. Umhverfið þarf að vera öruggt og aðgengi utan dyra og innan innréttað þannig að það styðji við sjálfstæði í daglegum athöfnum.

Iðju- og sjúkraþjálfarar bjóða heimilisathugun til að meta færni sjúklings í eigin aðstæðum og fara yfir aðgengi á heimilinu. Við það tækifæri er veitt ráðgjöf um hugsanlegar breytingar á húsnæði og metin þörf fyrir hjálparkæki og búnað.

Ef sjúklingur býr ekki á höfuðborgarsvæðinu er heimilisathugun gerð í samráði við iðju- eða sjúkraþjálfara og aðstandendur í heimabyggð.

Sjúklingur og aðstandendur bera ábyrgð á að viðunandi húsnæði sé til reiðu þegar kemur að útskrift. Ef núverandi húsnæði hentar ekki geta iðju- og sjúkraþjálfarar veitt ráð við val á nýju húsnæði, í samráði við félagsráðgjafa eftir þörfum.

[Húsnæðisfélag SEM](#) samtakanna á 22 íbúðir sem leigðar eru til félagsmanna. Í þeim er tekið tillit til sérþarfa hreyfihamlaðra.

Frekari upplýsingar

Mænuskaði – [Hjálparkæki](#)